

XIV. flokkur. Krydd og kryddvörur (frh.).

Nr.	Matvæli	Aukeyfnaflokkur Náttúruleg	Gervi	Ákvæði um hámark og athugasemdir
		Karamellubrúnt } ammoníerað }		4 g/kg
		Kantaxantín		4 g/kg
		LÍMEFNI Karragenan } Fúrsellaran }	Sellulósa- sambönd Gelatín- sambönd	Alls 15 g/kg 5 g/kg
		Einfosföt		

8. júní 1976.

Nr. 251.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Gjölf Thorvaldsensfélagsins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Gjafar Thorvaldsensfélagsins.

1. gr.

Thorvaldsensfélagið stofnar sjóð með 10 milljón króna framlagi á aldarafmæli félagsins. Höfuðstóll sjóðsins er 100 þúsund krónur, sem ekki má skerða. Nafn sjóðsins er „Gjölf Thorvaldsensfélagsins“.

2. gr.

Framlag félagsins er ekki afturkræft enda verði fé sjóðsins varið eins og segir í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að sérmennta starfslíð stofnana fyrir vanheil börn, þ. e. a. s. dagvistarstofnana, vistheimila, sérskóla og sérdeilda þar sem eru afbrigðileg börn og unglingar til dvalar, kennslu og þjálfunar.

4. gr.

Úr sjóðnum skal veita fé til:

A. Náms innanlands, svo sem:

1. almennra námskeiða fyrir tiltekna starfshópa undir handleiðslu sérfróðra manna.

B. Nám erlendis í formi:

1. námsstyrkja til einstaklinga er stunda framhaldsnám í skólum erlendis. Styrkþegar skuldbindi sig til að vinna a. m. k. 2 ár hérlendis eftir nám.

5. gr.

Sjóðsstjórn skipa þrjú menn, þar af tveir samkvæmt tilnefningu stjórnar Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík, og formaður skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar.

6. gr.

Sjóðsstjórn skal gera 5 ára heildaráætlun um ráðstöfun sjóðsins og skal hún tilbúin ekki síðar en 1. okt. 1976. Stefnt skal að því að sjóðurinn fullnýtist á næstu 5 árum, þó má aldrei skerða höfuðstólinn. Sjóðsstjórn ráðstafar fé sjóðsins í samræmi við heildaráætlunina til þeirra verkefna sem valin eru hverju sinni og skal hún hafa effirlit með því að fjármunir sjóðsins nýtist í samræmi við markmið hans. Allar ákvarðanir um fjárveitingu úr sjóðnum skulu undirritaðar af öllum stjórnarmönnum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans og reikningsskil og varðveitir eignir sjóðsins og sér um að þær glatist ekki. Sjóðurinn skal varðveittur í verðtryggðum ríkisskuldabréfum eða ef þeirra er ekki kostur, þá í Landsbanka Íslands. Ríkisendurskoðunin annast endurskoðun reikninga sjóðsins. Ársreikningar skulu birtir í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er ólaunuð.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað sem varðar hag og rekstur sjóðsins, svo og ársreikninga sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 252.

REIKNINGUR**Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1975.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.****Tekjur:**

Vextir af bankainnstæðum	kr. 32 567.00
	<hr/>
	Kr. 32 567.00

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr. 32 567.00
	<hr/>
	Kr. 32 567.00